

Fimmtudaginn 23. júní 1977.

Nr. 69/1976. **Þórunn G. Simonsen**  
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Jónasi P. Aðalsteinssyni**  
**og gagnsök**  
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. mars 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hún þess aðallega, að eignum þeirra gagnáfrýjanda í hjúskap þeirra, er til var stofnað 26. desember 1974, verði skipt helmingaskiptum. Til vara krefst hún þess, að sér verði dæmdur verulegur hluti af búinu að mati dómsins. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en aðaláfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 10. mars 1976.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. mars 1976 samkvæmt heimild í 3. málsgl. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess aðallega, að búi þeirra aðaláfrýjanda verði skipt samkvæmt ákvæðum 57. gr. laga nr. 60/1972, sbr. 27. gr., „þannig að“ aðiljar „haldi hvort um sig þeim eignum, sem þau færðu til búisins við giftingu hinn 26. desember 1974“, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

## I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, gengu málsaðiljar í hjúskap á árinu 1964. Lauk þeim hjúskap með lögskilnaði 24. september 1971, en samvistaslit urðu í júní 1970, að því er talið er. Voru hjónin þá búsett í Colorado í Bandaríkjunum. Fjárskiptum út af þeim hjúskap var til lykta ráðið með skiptasamningi þeirra 24. nóvember 1972. Leitt er í ljós, að aðaláfrýjandi flutti með sér í þennan hjúskap tiltekna fasteign í Reykjavík, er hún hafði erfð að hluta til. Sú fasteign var seld, og var keypt m. a. fyrir andvirði hennar önnur fasteign, sem gagnáfrýjandi fékk í sinn hlut við framangreind fjárskipti, en samkvæmt þeim skyldi hann greiða aðaláfrýjanda samtals 1.075.000 krónur. Þar af voru 600.000 krónur staðgreiddar.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst aðdraganda að því, að málsaðiljar gengu að nýju í hjúskap hinn 26. desember 1974. Fluttist aðaláfrýjandi með börn þeirra þrjú til Íslands. Mun gagnáfrýjandi hafa staðið straum af ferðakostnaði þeirra hingað til lands. Seldi aðaláfrýjandi fasteign, er hún átti í Colorado, og er gerð grein fyrir því í hinum áfrýjaða úrskurði. Sambúð þeirra hér á landi stóð til maímánaðar 1975. Skilnaðarmál þeirra var tekið fyrir hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík 23. júní s. á. Uppskrift var gerð á búinu í skiptarétti Reykjavíkur 25. júní, 2. júlí og 14. júlí s. á. Aðiljar máls fengu leyfi dómsmálaráðuneytisins til skilnaðar að borði og sæng hinn 21. júlí 1976. Fékk aðaláfrýjandi forræði barna þeirra þriggja, fæddra 1965, 1966 og 1969, en gagnáfrýjandi skyldi njóta nánar tiltekins umgengnisréttar við börnin. Gagnáfrýjanda bar að greiða aðaláfrýjanda meðalmeðlag með börnunum til fullnaðs 17 ára aldurs. Þá skyldi hann greiða aðaláfrýjanda 20.000 króna mánaðarlegan lífeyri frá 21. júlí 1976 til jafnlengðar 1977.

Aðaláfrýjandi fluttist til Bandaríkjanna ásamt börnum þeirra hjóna síðari hluta árs 1975.

## II.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er gerð grein fyrir eignum búins. Verður að skilja málflutning málsaðilja svo, að þeir séu

sammála um, að sú fjáreign, sem greind er í úrskurði skiptaráðanda, verði lögð til grundvallar fjárskiptum þeirra vegna skilnaðar. Það athugast, að eignir þær, sem aðaláfrýjandi kom með hingað til lands, flutti hún aftur með sér vestur. og eru þær eigi taldar á framangreindri eignaskrá, nema bifreið hennar. Samkvæmt eignaskrá verður að ætla, að eignir málsaðilja séu auðskiptanlegar. Hjónin gerðu eigi kaupmála, og er því eigi haldið fram, að um neins konar séreignir sé að ræða.

Hjúskapur málsaðilja var að vísu skammvinnur, og þau virðast hafa húið í íbúð hjá móður gagnáfrýjanda. Börn þeirra þrjú dvöldust með þeim, og eðli máls samkvæmt hlýtur að hafa skapast fjárhagsleg samstaða milli málsaðiljanna, meðan slíkt heimilishald stóð. Hér er um mjög sérstætt tilvik að ræða, bæði vegna þess að þetta er í annað skipti, sem málsaðiljar ganga í hjúskap saman, og eins vegna þess, að þau áttu þrjú börn saman, er til síðara hjúskaparins stofnaðist milli þeirra, og aðaláfrýjandi kom gagnert frá fjarlægum landi ásamt börnum sínum hingað til lands vegna hjúskapar þess, sem mál þetta er af sprottið.

Ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr., laga nr. 60/1972 felur í sér frávik frá þeirri almennu reglu 2. málsg. 18. gr. laga nr. 20/1923, að skipta eigi skírurum hjúskapareignum hjóna til helminga við fjárskipti vegna skilnaðar. Verður eigi talið, að undantekningarreglu þessari verði beitt, svo sem hér hagar til, enda eigi sýnt fram á, að bersýnilega ósanngjarnt sé að beita hinni almennu helmingaskiptareglu, síst þegar höfð er í huga hin mikla röskum á högum aðaláfrýjanda og barna hennar, er varð við flutning þeirra landa á milli vegna hjúskaparins. Þess er og að gæta, að börn þeirra dveljast hjá aðaláfrýjanda erlendis, en gagnáfrýjanda hefur aðeins verið gert að greiða meðalmeðlag með börnunum samkvæmt íslenskum reglum.

Samkvæmt þessu ber að leggja fyrir skiptaráðanda að framkvæma skipti vegna skilnaðar málsaðilja í samræmi við ákvæði 2. málsg. 18. gr. laga nr. 20/1923 og án tillits til sérreglu 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Skipti á búi aðaláfrýjanda, Þórunnar G. Simonsen, og gagnáfrýjanda, Jónasar P. Aðalsteinssonar, skulu fara fram samkvæmt ákvæði 2. málgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. des. 1975.

Mál þetta, sem var að loknum munnlegum flutningi tekið til úrskurðar 4. þ. m., er risið af búskiptum málsaðilja vegna hjónaskilnaðar. Gerir sækjandi, Jónas Aðalsteinsson, Kleppsvegi 132 hér í borg, þær kröfur, að skipti fari samkvæmt ákvæðum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972 um stofnun og slit hjúskapar og hvorum málsaðilja verði dæmdar einungis þær eignir úr búinu, sem hann hefur til þess lagt. Við munnlegan flutning málsins bætti sækjandi við þeirri varakröfu, að ef ekki þætti unnt að taka aðalkröfu hans til greina að fullu, þá verði verjanda einungis úrskurðaðir 5.000 bandaríkjadalir af þeim eignum, sem hann hefur lagt í búið, auk þess sem hún hefur lagt því til. Sækjandi krefst málskostnaðar úr hendi verjanda.

Verjandi, Þórunn Simonsen, nú búsett í Bandaríkjunum, áður að Kleppsvegi 132 hér í borg, mótmælir kröfum sækjanda og krefst þess, að skipti fari fram samkvæmt III. og VII. kafla laga nr. 20 frá 1923 og skiptalögum nr. 3 frá 1878. Einnig krefst hún málskostnaðar úr hendi sækjanda.

Við munnlegan flutning málsins gerði verjandi þá varakröfu,

að henni yrði mæltur verulegur hluti af eignum félagsbúsins, ef svo færi, að krafa sækjanda um skipti samkvæmt 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972 yrði tekin til greina.

Málsaðiljar gengu í hjúskap á árinu 1964. Í upphafi þess hjónabands virðist aðaleign þeirra hafa verið húseignin nr. 25 við Lokastíg, sem verjandi hafði að nokkru að erfðum, en að hluta keypt, meðan þau sækjandi voru heitbundin. Eitthvað mun sækjandi hafa lagt til þeirra kaupa. Húseign þessi var síðar seld, en byggt húsið nr. 19 við Hraunbæ.

Ár 1969 fluttust hjónin búferlum ásamt tveim börnum sínum til Colorado Springs í Bandaríkjunum. Þriðja barnið fæddist þeim skömmu eftir komuna vestur. Bráðlega festu þau kaup á húsi í hinum nýju heimkynnum, að mestu leyti gegn mánaðarlegum afborgunum. Skömmu eftir að þau fluttu í húsið, eða í júní 1970, fór sækjandi til Íslands, og var þá lokið sambúð hjónanna að því sinni. Virðast þá hafa verið litlar eignir í búinu nema fasteignirnar Hraunbær 19 og húsið í Colorado Springs, enda hafði dvölin vestra orðið kostnaðarsöm, m. a. vegna sjúkleika yngsta barnsins. Verjandi bjó áfram í Bandaríkjunum ásamt börnunum eftir brottför sækjanda. Hinn 24. september 1971 fékk hún viðurkenndan lögskilnað fyrir þarlandum dómstóli, sem ákvað henni forræði barnanna og eignarrétt að húseigninni í Colorado Springs. Skilnaðarúrskurðurinn kvað ekki á um skipti eigna hér á landi, en með samkomulagi, dagsettu 24. nóvember 1972, var þeim eignum skipt á þá lund, að sækjandi hlaut húseignina nr. 19 við Hraunbæ, en greiddi verjanda samtals kr. 1.075.000 með 600 þúsund kr. staðgreiddum og 475 þúsund kr. í skuldabréfi. Af því bréfi eru enn ógreiddar kr. 316.667, sem sækjandi viðurkennir að skulda verjanda.

Eftir skilnað hjónanna fór sækjandi nokkrar ferðir til Ameríku til fundar við fjölskylduna. Í ágúst 1974 samdist svo um, að hann fengi að taka son þeirra með sér til Íslands til ársdvalar, og síðar á sama ári var svo ákveðið, að þau stofnuðu til hjúskapar að nýju. Fór þá sækjandi utan og sótti fjölskylduna. Mun hann hafa kostað heimför þeirra. Málsaðiljar gengu svo í hjúskap að nýju 26. desember 1974.

Húseign verjanda í Colorado Springs var nú seld, og fékk hún 1.283.75 Bandaríkjadali út úr sölunni umfram áhvilandi skuldir. Mun það fé hafa verið ógreitt, þegar málsaðiljar gengu í hjónaband síðara skiptið. Af því hefur verjandi fengið til ráðstöfunar 660.04 dali, sem mun að mestu hafa gengið til greiðslu á skuldum

hennar vestan hafs, en sækjandi veitti viðtöku 623.71 dal, og er það fé eða jafnvirði þess í hans vörslum.

Á sl. vori, að líkindum í maí, slitnaði sambúð málsaðilja að nýju, og 23. júní var skilnaðarmál þeirra að borði og sæng tekið fyrir hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík. Samkomulag náðist ekki um skilnaðarskilmála, og var málinu vísað til aðgerða dómsmálaráðuneytisins og skiptaréttar að því er búskiptin varðar.

Uppskrift á eignum búsins var gerð í skiptarétti 25. júní og 2. júlí þ. á.

Ýmsar breytingar urðu á eignum búsins, meðan hjúskapurinn stóð, sökum þess að fasteignir voru seldar, en ekki kemur fram, að búinu hafi bæst verðmæti á þessu tímabili.

Við uppskriftargerðina var greint á milli þeirra eigna og skulda, sem frá hvoru hjónanna um sig stöfuðu við upphaf hjúskaparins.

Samkvæmt uppskriftargerðinni átti sækjandi þá húseignina nr. 19 við Hraunbæ auk einhverra lausafjármuna, en skuldir hans virðast þá hafa numið kr. 1.448.800. Með kaupsamningi, dags. 8. febrúar 1975, seldi sækjandi húseignina nr. 19 við Hraunbæ fyrir kr. 8.300.000, en hefur aftur á móti gert kaupsamning um 2 herbergja íbúð að Skaftahlíð 2 fyrir kr. 3.300.000. Hluti af útborguninni fyrir húsið í Hraunbæ hefur gengið til þessara kaupa. Virðist því hreint verðmæti þeirra eigna, sem sækjandi lagði í búíð, nú vera kr. 8.300.000 að frádregnum skuldum, kr. 1.444.800, eða kr. 6.855.200. Af því verða kr. 3.046.867 í skuldabréfi, þegar lokið er að ganga frá sölu á Hraunbæ 19. Meðtalið í þessum eignum er jafnvirði 5.000 bandaríkjadala, sem sækjandi yfirfærði á sínum tíma til Bandaríkjanna og standa þar á nafni verjanda.

Eignir verjanda við upphaf hjúskaparins voru hins vegar, eftir því sem næst verður komist, þessar:

Skuld sækjandi vegna fyrri skipta kr. 316.667, bifreið af gerðinni Ford Galaxi, árgerð 1970, talin að kaupverði í Bandaríkjunum í árslok 1972 \$ 2.595.00 og jafnvirði 623 bandaríkjadala af söluverði húss í Bandaríkjunum, sem eru í vörslu sækjanda. Að vísu virðist meira hafa staðið eftir af andvirði hússins en þessari fjárhæð nemur, en ómótmælt er, að það fé hafi gengið til greiðslu á ýmsum lausaskuldum verjanda þar vestra.

Nokkra lausafjármuni áttu málsaðiljar fyrir hjúskap sinn, og eitthvað mun þeim hafa bæst síðar, en ekki er um verulega fjár-

muni að tefla og skipta hér heldur ekki máli, með því að málsaðiljar hafa orðið ásátt um skiptingu þeirra.

Sækjandi rökstyður kröfur sínar með því, að hann hafi lagt til félagsbús málsaðilja yfirgnæfandi meiri hluta af eignum þess, auk þess sem hann hafi lagt í verulegan kostnað við flutning fjölskyldunnar og eigna hennar frá Ameríku. Hjúskapur málsaðilja hafi orðið skammvinnur, aðeins um hálf t. á, án þess að honum verði um það kennt, og á þessum skamma tíma hafi eðlilega ekki myndast fjárhagsleg samstæða, sem máli skipti, með málsaðiljum, því sé augljós réttur hans til að krefjast þess, að búinu verði skipt samkvæmt ákvæðum 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972.

Röksemdir varnaraðilja eru þær, að hjúskapur málsaðilja hafi, þótt stuttur væri, haft veruleg áhrif á fjárhagsafkomu hennar. Hún hafi látið tilleiðast að flytjast hingað til lands með ærnum kostnaði til að giftast sækjanda að nýju og við þessa ráðabreytni hafi eyðst þau efni, sem hún hafi með aðstoð foreldra sinna verið búin að draga saman í Bandaríkjunum. Nú verði hún að byrja þar búskap að nýju og sjá börnum þeirra sækjanda farborða af engum efnum. Þá hefur verjandi bent á, að efni sækjanda sé í upphafi að rekja til húseignarinnar, sem hún lagði í búin í fyrra hjónabandi þeirra. Loks hefur verjandi borið sig upp undan fjárskiptum við sækjanda milli hjúskapa þeirra, t. d. erfiðleikum við innheimtu meðlaga.

Búskiptum málsaðilja frá fyrri hjúskapur þeirra lauk að fullu með skiptasamningnum frá 24. nóvember 1972. Fjárskipti þeirra frá því hjónabandi koma því ekki til álita hér, enda er ekki sýnt fram á, að annað en að full skil hafi verið gerð á þeim að undanteknum eftirstöðvum skuldabréfs, sem sækjandi viðurkennir að skulda verjanda.

Eins og að framan greinir, stóð hjúskapur málsaðilja að þessu sinni mjög stutt, aðeins nokkra mánuði, og á þeim tíma virðast ekki hafa orðið verulegar breytingar á verðmæti eigna þeirra né skulda. Samruni á þeim fjármunum, sem hvort þeirra um sig lagði í búin, virðist heldur ekki hafa orðið með þeim hætti, að það skipti máli um rekstur eða afkomu búins. Verður því að fallast á, að skilyrði séu til þess samkvæmt 57. gr. laga nr. 60 frá 1972 að taka til greina kröfu sækjanda um, að búskipti fari fram samkvæmt meginreglum 27. gr. sömu laga, enda er ljóst, að hann hefur fært til búins meginhlutann af eignum þess. Á það ber þó að líta, að hjúskapurinn leiddi til verulegrar röskunar

á högum verjanda, þar sem hún fluttist úr fjarlægju landi til þess að stofna hér til hjúskapar og heimilis. Er eðlilegt með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 60 frá 1972 að taka þessar aðstæður til greina, og þykir því rétt, að verjandi haldi þeim 5.000 bandaríkjadöllum, sem sækjandi hefur yfirfært á hennar nafn, umfram þær eignir, sem hún færði til búsin.

Málskostnaður fellur niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Uppsaga hans hefur dregist vegna mikilla embættisanna dóm-  
arans.

#### Úrskurðarorð:

Skipti á búi þessu fari eftir reglum 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972, þannig að hvor málsaðilja heldur því, sem hann hefur fært til búsin, þó svo, að umfram þetta á verjandi tilkall til 5.000 bandaríkjadala, sem sækjandi hefur lagt á hennar reikning í Bandaríkjunum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1977.

Nr. 91/1977. **Guðni Þórðarson**  
gegn  
**Staðli h/f.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Magnús Þ. Torfa-  
son, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1977, sem Hæstarétti barst 15. júní s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 22. apríl 1977, verði úr gildi felldur og lagt fyrir